

1987 nr. 97 31. desember**Lög um vörugjald**

Tóku gildi 1. janúar 1988. Breytt með l. 95/1988 (tóku gildi 27. des. 1988 hvað varðar innfluttar vörur en frá og með 1. jan. 1989 varðandi innlenda framleiðslu), l. 18/1993 (tóku gildi 1. jan. 1994), l. 122/1993 (tóku gildi 1. jan. 1994), l. 52/1994 (tóku gildi 20. maí 1994, sjá þó 3. gr.), l. 89/1996 (tóku gildi 1. júlí 1996), l. 148/1996 (tóku gildi 1. feb. 1997), l. 89/1998 (tóku gildi 1. júlí 1998, sjá þó ákvæði til bráðabirgða), l. 4/1999 (tóku gildi 5. mars 1999), l. 103/2000 (tóku gildi 1. júlí 2000), l. 104/2000 (tóku gildi 1. júlí 2000) og l. 155/2000 (tóku gildi 1. jan. 2001).

Upphafsaákvæði.

■ **1. gr.** Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af innfluttum vörum og vörum sem framleiddar eru eða fá einhverja vinnslu-meðferð innan lands eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

Gjaldskyldar vörur og framleiðsla.

■ **2. gr.** Gjaldskyldan nær til allra vara, nýrra sem notaðra, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar, unnið er að eða er pakkað hér á landi og flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp [í viðauka I við lög þessi].¹⁾ Vara, sem seld er úr landi, er þó ekki gjaldskyld. [Sala á gjaldskyldri vöru til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sbr. lög nr. 110/1951, telst sala úr landi í skilningi laga þessara.]¹⁾

□ Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum skal fylgt flokkunarreglum tollalaga, nr. 55/1987. ...¹⁾

¹⁾ L. 89/1996, 1. gr.

■ **3. gr.** [Vörugjald skal reiknað með tvenns konar hætti; annars vegar sem tiltekin fjárhæð fyrir hvert kílógramm eða hvern lítra af gjaldskyldri vöru (magngjald), en hins vegar sem tiltekið hlutfall af verðmæti gjaldskyldrar vöru (verðgjald).

□ Af vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í A-lið í viðauka I,¹⁾ skal greiða tiltekna fjárhæð fyrir hvert kílógramm af vörunni án umbúða, eftir því sem nánar er kveðið á um í viðaukanum.

□ Af vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í B-lið í viðauka I, skal greiða tiltekna fjárhæð fyrir hvern lítra af vörunni, eftir því sem nánar er kveðið á um í viðaukanum.

□ Af vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í [C–E-liðum]²⁾ í viðauka I, skal greiða gjald af verðmæti vöru sem hér segir:

1. 15% af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í C-lið.

2. 20% af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í D-lið.

3. 25% af vörum sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í E-lið.

4. ...²⁾³⁾

¹⁾ Viðauki I er ekki birtur hér, en um hann vísast til Stjftíð. 1996 A, bls. 287–291, sbr. augl. A 110/1996, 148/1996, 164/1996, 25/1997, 26/1997, l. 89/1998, 5. gr., l. 4/1999 og l. 103/2000. ²⁾ L. 148/1996, 1. gr. ³⁾ L. 89/1996, 2. gr.

Gjaldskyldir aðilar.

■ **4. gr.** Skylda til að greiða vörugjald hvílir á þessum aðilum:

1. Öllum þeim sem flytja til landsins vörugjaldsskyldar vörur hvort sem er til eigin nota eða endursölu.

2. Öllum þeim sem framleiða, vinna að eða pakka vörugjaldsskyldum vörum innan lands. ...¹⁾

[3. Aðilum sem skráðir hafa verið sérstakri skráningu skv. 5. gr.]¹⁾

□ [Aðilar, sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr., aðrir en þeir sem flytja vörur til landsins til eigin nota, skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en vörugjaldsskyld starfsemi

hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem aðilar eiga lögheimili.]¹⁾ Breytingar, sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, skal tilkynna eigi síðar en 15 dögum eftir að breyting átti sér stað.

¹⁾ L. 89/1996, 3. gr.

■ **[5. gr.** Aðilar, sem flytja inn eða kaupa innan lands gjaldskyldar vörur til heildsölu, geta fengið sérstaka skráningu hjá skattstjóra. Skilyrði slíkrar skráningar eru:

1. Að aðili hafi heildsöluleyfi.

2. Að aðili haldi sérstakt birgðabókhald yfir þær vörur sem vegna skráningarinnar lúta sérreglum um uppgjör vörugjalds í samræmi við reglur sem ríkisskattstjóri setur.

□ Aðila, sem fengið hefur sérstaka skráningu, er heimilt að flytja gjaldskyldar vörur inn til landsins eða kaupa gjaldskyldar vörur innan lands af framleiðanda eða af öðrum sérstaklega skráðum aðila án þess að skylda stofmist til greiðslu vörugjalds, sbr. 4. mgr. 9. gr.

□ Innendum framleiðendum og aðilum sem fengið hafa sérstaka skráningu er heimil sala eða afhending á gjaldskyldum vörum án vörugjalds til aðila sem skráðir eru samkvæmt þessari grein.

□ Þegar aðili, sem fengið hefur sérstaka skráningu, kaupir gjaldskyldar vörur án vörugjalds skal tilgreina á sölureikningum það magn eða það verð sem myndar gjaldstofn vörugjalds.]¹⁾

¹⁾ L. 89/1996, 4. gr.

[Gjaldstofn verðgjalds.]¹⁾

¹⁾ L. 89/1996, 5. gr.

■ **[6. gr.** Gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í [C–E-liðum]¹⁾ í viðauka I, er tollverð þeirra eins og það er ákveðið í 8.–10. gr. tollalaga, að viðbættum tollum eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt þeim lögum.]²⁾

¹⁾ L. 148/1996, 2. gr. ²⁾ L. 89/1996, 5. gr.

■ **[7. gr.** Gjaldstofn vörugjalds af innlendum framleiðsluvörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í [C–E-liðum]¹⁾ í viðauka I, er verksmiðjuverð þeirra.

□ Verksmiðjuverð er söluverð vöru frá framleiðanda, þ.e. það verð sem kaupandi greiðir eða ber að greiða við kaup á vöru af framleiðanda án frádráttar nokkurs kostnaðar eða þjónustugjalds.

□ Samsvari verksmiðjuverð ekki heildarandvirði vöru, t.d. vegna þess að kaupandi eða annar framleiðandi leggur til hræfni, efnivörur eða annað verðmæti sem vörugjald hefur ekki þegar verið greitt af, skal heildarandvirði vörunnar teljast gjaldstofn til vörugjalds.

□ Ef framleiðandi er jafnframt heildsali eða smásali vöru eða ef verksmiðjuverð vöru liggur ekki fyrir af öðrum ástæðum skal gjaldstofn vera almennt gangverð á sömu eða sams konar vöru við sölu frá framleiðendum. Ef slíkt almennt gangverð liggur ekki fyrir skal gjaldstofn vera verksmiðjuverð framleiðanda á sömu eða sams konar vöru í sambærilegum viðskiptum við óháða aðila.

□ Ef framleiðandi og kaupandi eru háðir hvor öðrum í skilningi 2. mgr. 8. gr. tollalaga er skattyfirvöldum heimilt að ákvarða gjaldstofn samkvæmt ákvæðum 4. mgr. Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur um mat til verðs samkvæmt þessari málsgrein.]²⁾

¹⁾ L. 148/1996, 3. gr. ²⁾ L. 89/1996, 6. gr.

Innheimta, uppgjörstímabil, gjalddagar o.fl.

■ **[8. gr.** Tollstjórar skulu reikna vörugjald af gjaldskyldum vörum sem aðilar, aðrir en þeir sem skráðir hafa verið

skv. 5. gr., flytja til landsins. [Skattstjórar annast álagningu vörugjalds vegna innlendirar framleiðslu og innflutnings aðila sem skráðir eru skv. 5. gr. Fjármálaráðherra getur ákveðið að fela einstökum skattstjórum að annast eftirlit, framkvæmd og álagningu vörugjalds í öðrum skattumdæmum.]¹⁾

□ [Skattstjóri og framleiðendur vöru geta óskað eftir ákvörðun tollstjóra um tollflokkan vöru samkvæmt ákvæðum 142. gr. tollalaga. Skattstjóri og framleiðandi geta skotið ákvörðun tollstjóra um tollflokkan vöru til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr. tollalaga. Ákvörðun tollstjóra um tollflokkan vöru er bindandi fyrir framleiðanda og skattfyrirvöld.]²⁾

¹⁾ L. 89/1998, 1. gr. ²⁾ L. 89/1996, 7. gr.

■ [9. gr. [Hvert uppgjörstímabil aðila sem skráðir eru skv. 2. mgr. 4. gr. er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Gjaldalagi hvers uppgjörstímabils er 28 dagar annars mánaðar eftir lok þess.]¹⁾

□ Innflytjendur, sem flytja vörur til landsins til endursölu, aðrir en þeir sem jafnframt eru skráðir skv. 5. gr., skulu eigi síðar en á gjaldlagadag hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af gjaldskyldum vörum sem voru tollafgreiddar á uppgjörstímabilinu. Aðilar, sem flytja gjaldskylda vöru til landsins til eigin nota, skulu greiða vörugjald við tollafgreiðslu.

□ Innlendir framleiðendur skulu eigi síðar en á gjaldlagadag hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af gjaldskyldum vörum sem voru seldar eða afhentar á tímabilinu. Þó skal ekki greiða vörugjald af vörum sem voru seldar án vörugjalds til skráðra aðila skv. 5. gr. [eða til framleiðenda samkvæmt heimild í 10. gr.]¹⁾

□ Aðilar, sem skráðir eru skv. 5. gr., skulu eigi síðar en á gjaldlagadag hvers uppgjörstímabils ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs vörugjald af þeim vörum sem þeir hafa keypt eða fengið tollafgreiddar á tímabilinu eða voru til staðar í birgðum í upphafi uppgjörstímabils en eru ekki til staðar í birgðum við lok uppgjörstímabils samkvæmt birgðabókhaldi. Þó skal hvorki greiða vörugjald af þeim vörum sem vörugjald hefur þegar verið greitt af né af vörum sem voru seldar án vörugjalds til annarra skráðra aðila skv. 5. gr. [eða til framleiðenda samkvæmt heimild í 10. gr.]¹⁾

□ Gjaldskyldir aðilar skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. skulu eigi síðar en á gjaldlagadag hvers uppgjörstímabils skila vörugjaldsskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður vegna vara sem greiða ber vörugjald af á uppgjörstímabilinu. Jafnframt skal tilgreina í skýrslunni sölu á gjaldskyldum vörum án vörugjalds til aðila sem eru skráðir skv. 5. gr. [eða til framleiðenda samkvæmt heimild í 10. gr.]¹⁾ Skattstjóri skal áætla vörugjald af viðskiptum þeirra aðila sem ekki skila skýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldskyldum aðila um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið. [Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.]¹⁾

□ Sé vörugjald ekki greitt á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar því vörugjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef vörugjaldsskýrslu hefur ekki verið skilad eða henni er ábótavant og vörugjald því áætlað, nema aðili hafi greitt fyrir gjaldlagadag vörugjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum. Álag skal vera 1% af þeirri upphæð sem van-

greidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjaldlagadag, þó ekki hærri en 10%.

□ Sé vörugjald ekki greitt innan mánaðar frá gjaldlagadag skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir vaxtalögum, nr. 25/1987, með síðari breytingum.]²⁾

¹⁾ L. 89/1998, 2. gr. ²⁾ L. 89/1996, 9. gr.

■ [10. gr. [Skattstjóri skal veita framleiðendum vöru, sem nota í framleiðslu sína hráefni eða efnivöru sem ber vörugjald, heimild til að kaupa af innflytjendum, innlendum framleiðendum og aðilum sem skráðir eru skv. 5. gr. hráefni eða efnivöru án vörugjalds. Slík heimild veitir framleiðanda jafnframt heimild til endurgreiðslu á vörugjaldi af hráefni og efnivöru sem hann hefur sjálfur flutt til landsins í samræmi við ákvæði 2. mgr. Í umsókn til skattstjóra skal m.a. tilgreina um hvers kyns framleiðslu er að ræða og til hvaða hráefna eða efnivöru óskað er að heimildin nái.

□ Innflytjandi getur á gjaldlagadag hvers uppgjörstímabils fengið endurgreitt vörugjald af vörum sem hann hefur flutt til landsins en hafa á uppgjörstímabili annaðhvort verið seldar án vörugjalds til framleiðanda eða verið nýttar í framleiðslu innflytjanda sjálfs samkvæmt heimild í 1. mgr. Innflytjandi skal tilgreina í sérstakri skýrslu til skattstjóra um slíka sölu eða nýtingu, þar með talið til hvaða aðila vara er seld, magn vöru og tegund, svo og fjárhæð vörugjalds. Skýrslu skal skilad eigi síðar en 15 dögum fyrir gjaldlagadag. Endurgreiðsla skal fara fram á gjaldlagadag, enda hafi vörugjald vegna viðkomandi tímabils verið greitt.

□ Heimild samkvæmt þessari grein nær einungis til hráefnis eða efnivöru sem verður hluti af hinni endanlegu framleiðsluvöru. Heimildin nær hvorki til kaupa eða innflutnings á efnivörum til byggingar eða viðhalds á fasteignum né til nýsmíði eða viðgerða á ökutækjum.]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 89/1998, 3. gr. ²⁾ L. 89/1996, 9. gr.

■ [11. gr. Heimilt er að kæra álagningu vörugjalds innan 30 daga frá gjaldlagadag gjaldsins. Kæru skal beint til þess tollstjóra eða þess skattstjóra sem annaðist álagningu gjaldsins. Kæru skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Innsend fullnægjandi vörugjaldsskýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 5. mgr. 9. gr. Tollstjóri eða skattstjóri skal kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um kærana og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi innan 30 daga frá lokum kærufrests.

□ Gjaldskyldur aðili og [tollstjórinn í Reykjavík]¹⁾ geta skotið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 101. gr. tollalaga. [Þó sætir úrskurður tollstjóra um niðurfellingu eða lækkun gjalda, á grundvelli 3. gr., 5. gr. eða 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987, kæru til [fjármálaráðherra]¹⁾ í samræmi við ákvæði 102. gr. tollalaga.]²⁾

□ Gjaldskyldur aðili og ríkisskattstjóri geta skotið úrskurði skattstjóra skv. 1. mgr. til yfirkattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Um kærufresti og málsmeðferð fer eftir ákvæðum 2.–7. mgr. 29. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.]³⁾

¹⁾ L. 155/2000, 20. gr. ²⁾ L. 104/2000, 12. gr. ³⁾ L. 89/1996, 10. gr.

■ [12. gr. Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, álagningu, tilhögun bókhalds, eftirlit, viðurlög og aðra framkvæmd varðandi vörugjald skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga [um innfluttar vörur]¹⁾ og laga um virðisaukaskatt [um innlendir framleiðsluvörur].¹⁾²⁾

□ [Ákvæði 3. gr., 5. gr. og 1.–7. og 9.–12. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, nr. 55/1987, skulu ná til vörugjalds samkvæmt lögum þessum eftir því sem við getur átt.]³⁾⁴⁾

¹⁾ L. 89/1998, 4. gr. ²⁾ L. 89/1996, 11. gr. ³⁾ L. 104/2000, 13. gr. ⁴⁾ Rg. 719/2000, sbr. 791/2000; rg. 760/2000, rg. 797/2000, rg. 798/2000.

■ [13. gr.]¹⁾ Fjármálaráðherra setur í reglugerð²⁾ nánari ákvæði um tilkynningarskyldu, gjaldstofn, gjaldskyldu, uppgjörstímabil, gjalddaga og aðra framkvæmd laga þessara.

...

³⁾
¹⁾ L. 89/1996, 12. gr. ²⁾ Augl. 336/1994. Rg. 358/1996, rg. 436/1998, sbr. 52/

2000, og rg. 390/1999, sbr. 898/1999. ³⁾ L. 104/2000, 14. gr.

■ [14. gr.]¹⁾ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. ...

¹⁾ L. 89/1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ [I.–VI. ...]¹⁾

¹⁾ L. 95/1988, brbákv.

■ [VII. ...]¹⁾

¹⁾ L. 18/1993, brbákv.

■ [VIII. ...]¹⁾

¹⁾ L. 89/1996, brbákv.

ELDRRI ÚTGÁFA